



Sveitarstjóri

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. Hinriks Greipssonar
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti			
ANR	16090065	Ábr.	H6
Málal.	11.31	Aðrir	GSP
Mótt.	1.12.2016		
Aths.			

Blönduósi 28. nóvember 2016

EFNI: Byggðakvóti 2016/2017 – úthlutun til Blönduósbæjar

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 31. október sl., þar sem tilkynnt er um niðurstöðu ráðuneytisins um úthlutun byggðakvóta til sveitarfélagsins Blönduósbæjar..

Byggðaráð Blönduósbæjar fjallaði um úthlutun byggðakvóta á fundi sínum þann 23. nóvember 2016 og var eftirfarandi bókun gerð:

Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið hefur fjallað um umsókn Blönduósbæjar um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2016/2017. Niðurstaða ráðuneytisins er 27 þorskígildistonn.

Byggðaráð samþykkir eftirfarandi undanþágu frá reglugerð nr. 641/2016, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2016/2017.

- a) 4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: „Skipta skal 75% úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og 25% skal úthlutað til fiskiskipa sem orðið hafa fyrir samdrætti í veiðum á rækju í Húnaflóa skipt í hlutfalli við hlutdeild í Húnaflóarækju 1. september 2016.“
- b) Vinnsluskylda er felld niður en löndunarskylda er miðuð við Blönduós eða skagaströnd og því orðast 1. og 2. ml. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar þannig: „Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2016 til 31. ágúst 2017 í Blönduóshöfn eða Skagastrandarhöfn.

Virðingarfyllst

Arnar Þór Sævarsson

Sveitarstjóri Blönduósbæjar